

# SKOHLIFADAGAR 2010

## MÍÐVIKUDAGUR 09:00

### Ítalskt matreiðslunámskeið.

- Eldaður verður afbragðsgóður ítalskur matur sem sækjendur námskeiðsins fá síðan að gæða sér á í lok tímans. Námskeið verður haldið í heimilisfræðistofu Víkurskóla

### Latibær

-Farið verður í skoðunarferð um studio Latibæjar, spennandi skoðunarferð og hentar sérstaklega nemendum á listnámsbraut.. geðveikt gaman og geðveikt fjör.

### Kynlíf konunnar

- Skemmtilegur og fræðandi fyrirlestur sem ætlaður er sérstaklega stelpum. Ragnheiður Eiríksdóttir kynlífsfræðingur heldur fyrirlesturinn í einni af stofum skólans.

### Kvikmynd

- Sýnd verður æðisgengileg dönsk kvikmynd. Góð afslöppun.

### Kvikmyndaförðun

- Lærðu að farða vini þína eins og í Hollywood kvikmyndum. Perla förðunarfræðingur gerir ykkur þennan glaðning sem verður haldinn í einni af stofum skólans.

### Félagsvist

- Það er gott fyrir alla að kunna spila félagsvist. Hin sívinsæla félagsvist er aftur í boði. Verðlaun í boði fyrir þá sem verða í 1. og 2. sæti en einnig eru setuverðlaun og skammarverðlaun. Veitingar í hálfleik og verður þetta haldið í einni af stofum skólans.

### Inventor

- Lærðu að teikna hluti í 3 vídd og málsetja hluti. Mega gaman og geggjað stuð. .... Námskeiðið verður haldið í einni af stofum skólans.

### Kynning á táknmáli

- Skemmtileg kynning á táknmáli, en ekki táknmálskennsla og verður haldið í einni af stofum skólans.

### World Class

- Frítt verður í ræktina í Spönginni.

### Útivistiferð

- Gönguferð á Suðurnesjum og síðan verður farið í Bláa Lónið. Rúta fer frá Borgarholtsskóla kl. 10.00 og er frítt í rútuna. Einkabílar ekki leyfðir. Verð: ????. Muna að mæta með góðan útbúnað: Góða skó og fatnað ásamt því að koma með hollt og gott nesti. Heimkoma er ætluð kl. 15:00. Þess ferð gefur 5 íþróttamætingar (Frjáls mæting - Aukamætingar).

### Bókasafnið

- Þeir sem vilja læra eða lesa.... eða eitthvað annað geta farið á bókasafnið.

### Dans i world class

- Bjóðum uppá dansnámskeið í salnum í World Class. Magnea Ýr mun stjórna því. Kostar 500. kr og fer sá peningur til styrktar London ferðar sálfræðihóps í lokaáfangi.

### Prjónanámskeið

- Langar þér að læra prjóna eða bara æfa þig? Skelltu þér þá á þetta námskeið, þetta verður haldið inni af stofum skólans.

### Magadans

- Stórskemmtilegt námskeið í magadansi. Særós Mist heldur námskeiðið. Verður haldið í stofum skólans

### Klifurhúsið

-Það er fátt skemmtilegra en að þríla aðeins upp himinháa vegg í klifurhúsinu án þess að þurfa að hafa áhyggjur af fallinu. Kr. 600

### Sjálfsvörn

-Farið verður yfir helstu grunnþætti sjálfsvarnariþrótt eins og Jiu-jitsu. Námskeiðið verður í stofum skólans

### Smíða Kókuox

- Smíðuð verða kókuox úr ryðfríu stáli og ef að tími gefst verða líka gerðir tertuspaðar. Námskeiðið verður haldið í málmiðnaðarálmu.

### Bílar og stelpur

- Skemmtilegt námskeið þar sem að farið verður í helstu þætti bíla sem að ekki allir virðast kunna. T.d. hvernig á að skipta um dekk.

### Ungliðahreyfingin

- Lykilmenn ungliðahreyfinga stjórnmalaflokkanna á Íslandi kynna starf sitt og svara spurningum

## MÍÐVIKUDAGUR 13:00

### Listasafnsferð

-Farið verður í listasafn hafnarfjarðar og skoðað helstu verk sem eru til sýnis þar. Mæting í listasafn Hafnarfjarðar klukkan 12:00 2 mætingar

### Bíó

-Sýnd verður myndin Valentine's Day í SAMbíóunum Álfabakka kl:13:00. Það kostar 1100. kr á mann og innifalið í því er bíóið, miðstærð af poppi og miðstærð af gosi.

### Hekla

-þetta er kynning á CAT vélum og sögu þeirra enn fremur verður farið um verstæði Heklu.

### Keila

-Farið verður í keilu í Öskjuhlíðinni. Það kostar 540. kr á mann. Spilað verður í klukkutíma.

### Bókasafnið

- Þeir sem vilja læra eða lesa... eða eitthvað annað geta farið á bókasafnið.

### **Kvikmynd**

-Sýnd verður skemmtileg þýsk kvikmynd í einni af stofum skólans. Fín afslöppun.

### **Pool**

-Boðið verður upp á Pool í Faxafeni. Þessi vinsæli atburður kostar 600. kr á mann.

### **Bridge**

-Bryndís stærðfræðikennari verður með skemmtilegt Bridge námskeið í einni af stofum skólans, það verður bæði spilað og kennt á Bridge.

### **WorldClass**

-Frítt verður í ræktina í Spönginni.

## **Fimmtudagur 09:00**

### **Skautar**

-Skautar verða í boði í Egilshöll og kostar 400. kr fyrir þá sem eiga skauta og 600. kr fyrir þá sem ekki eiga skauta.

### **Inventor**

-Inventor kennir að teikna hluti í 3 vídd og málsetja hluti. Þetta námskeið verður kennt í einum af stofum skólans.

### **Að setja mörk í kynlífi**

-Ragnheiður Eiríksdóttir verður með námskeið í einum af stofum skólans....

### **AFS**

-Er planið þitt að fara til spennandi landa sem skiptinemi? Þá er þetta rétta námskeiðið fyrir þig. Aðildarlönd AFS eru um 54 og árlega fara 10.000 ungmenni um heim allan til dvalar á vegum samtakanna í lengri eða skemmri tíma.

### **Kvikmynd**

- Sýnd verður skemmtileg frönsk kvikmynd í einni af stofum skólans. Fín afslöppun.

### **WorldClass**

-Frítt verður í ræktina í Spönginni.

### **Á mannamáli**

-Þórdís Elva sem skrifaði bókina Á mannamáli verður með kynningu á bókinni ásamt skemmtilegum og fræðandi fyrirlestri. Svona námskeið sem flestir ættu að kynna sér.

### **Bridds**

-Bryndís stærðfræðikennari verður með skemmtilegt Bridds námskeið í einni af stofum skólans, það verður bæði spilað og kennt á Bridds.

### **Badminton**

-Spilum badminton saman í TBR hjá glæsibæ.

### **Laubær**

-Farið verður í skoðunarferð um studio Latibæjar, spennandi skoðunarferð og er nemendum á listnámsbraut.. geðveikt gaman og geðveikt fjör.

### **Klifurhúsið**

- Það er fátt skemmtilegra en að fá að þríla aðeins upp himinháa vegg í klifurhúsinu án þess að þurfa að hafa áhyggjur af fallinu. **Kr. 600**

### **Bílar og stelpur**

- Skemmtilegt námskeið þar sem að farið verður í helstu þætti bíla sem að ekki allir virðast kunna. T.d. hvernig á að skipta um dekk.

### **Sjálfsvörn**

- Frábært sjálfsvarnarnámskeið þar sem að farið er yfir helstu grunnatriði sjálfsvarnariþróttar eins og jiu-jitsu. Námskeiðið fer fram í stofum skólans

### **Kynning á táknmáli**

- Skemmtileg kynning á táknmáli, en ekki táknmálaskennsla og verður haldið í einni af stofum skólans.

### **Bókasafnið**

- Þeir sem vilja læra eða lesa.... eða eitthvað annað geta farið á bókasafnið.

### **Al-Anon**

- Skemmtileg kynning á starfi Al-Anon á Íslandi. Al-Anon eru samtök aðstandenda áfengisneytenda.

Fleiri skemmtileg 12 þrepa námskeið koma vonandi síðar.

### **Listasafnsferð**

Farið verður í listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17. Mæting þangað klukkan 11.

Styrkjum nemendur

### **Bílaþvottur**

Bón og þvottur með öllu tilheyrandi 2.500

Þvottur með bóni 3.000

Þrif að innan 1.500

Alþrif 4.000

Pantanir í salnum mánudag og þriðjudag eða í síma 690-9409, 772-3543 eða 770-0944